

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 2. tölul. 1. málsg. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 5. kafla laga nr. 2 14. febrúar 1985, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 47/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STARFSREGLUR

**fyrir nefnd um ágreiningsmál skv. lögum nr. 59/1983
um heilbrigðisþjónustu.**

1. KAFLI

Almenn ákvæði og verksvið

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, til þess að taka til meðferðar ágreiningsmál, sem rísa vegna samskipta almennings og heilbrigðisþjónustunnar og vísað er til nefndarinnar.

Nefndinni ber að skila álitserð í slíkum málum, þar með talið um ætlaðan skaða á heilsu sjúklings vegna aðgerðar lækna í eða utan sjúkrastofnana, rangra aðgerða eða of seint framkvæmdra, svo og vegna hjúkrunar eða vistunar á heilbrigðisstofnum, svo og önnur þau atriði, sem kærur eða kvartanir fjalla um.

Nefndin skal leitast við meta ábyrgð aðila og bótaskyldu, komi fram beiðni um það.

2. gr.

Nefndin skal láta í té álitserð eftir skriflegri beiðni dómstóla svo og málsaðila um ætlað persónulegt tjón sjúklings af völdum starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar. Sé beiðni um álitserð augljóslega byggð á röngum forsendum, að mati nefndarinnar, verður álit eigi gefið.

2. KAFLI

Um nefndarskipan

3. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára af ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, jafnt aðalmenn sem varamenn. Formaður og varaformaður skulu tilnefndir og skipaðir sérstaklega af sömu aðilum.

Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar.

3. KAFLI

Um starfshætti og fundarsköp

4. gr.

Nefndin tekur aðeins til meðferðar skriflegar kærur eða kvartanir, sem beint er til hennar milliliðalaust, eða mál, sem vísað er til hennar af yfirstjórn heilbrigðismála eða öðrum aðilum í stjórn landsins.

Aðilar að kvörtunum eða kærumálum skulu fá færi á að fylgja þeim eftir munnlega og þá með fulltingi sérfróðra umboðsmanna, ef þeir kjósa. Ennfremur mega þeir leggja fram þau gögn, sem þeir telja að styðji mál sitt. Skal fara um þetta eftir nánari ákvörðun nefndarinnar í hverju máli.

5. gr.

Hver sem máli er beint gegn skal fá komið að þeim gögnum, er hann hefur þörf á, og eiga kost á að flytja mál sitt munnlega fyrir nefndinni, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Má hann og leita sérfræðiaðstoðar í málarekstrinum.

6. gr.

Formaður stjórnar málflutningi fyrir nefndinni.

Að hverju máli skal þannig unnið að ekki verði óþarfadráttur á, megináhersla lögð á að upplýsa mál sem best frá beggja (allra) og að ekki verði réttur neins fyrir borð borinn.

Í meðferð máls getur nefndin leitað álits sérfróðra aðila og aflað gagna á hvern þann hátt, sem upplýst geti málið sem best.

7. gr.

Ákvörðun eða niðurstaða nefndarinnar í máli skal vera skrifleg og nefnast „álitsgerð“. Skal afhenda hana málsaðilum og heilbrigðisráðherra.

Leitast skal við að gera sér grein fyrir hver ber ábyrgð á hugsanlegu tjóni og skal slíkt mat felast í álitsgerðinni, en því aðeins skal metin skaðabótaskylda, að þess sé sérstaklega beiðst af aðilum.

Þyki framkominn rökstuddur grunur um refsivert athæfi, skal nefndin senda ríkissaksóknara álitsgerð í því máli.

8. gr.

Nefndin er því aðeins ályktunarhæf, að allir nefndarmenn eða persónulegir varamenn í þeirra stað, séu mættir og taki þátt í málsmeðferð.

Verði nefndarmenn ekki sammála um niðurstöður í álitsgerð eða um forsendur hennar, skal ráða afl atkvæða. Nefndarmaður skal eiga rétt á að leggja fram sérálit.

Nefndinni er skylt að fjalla um hvert það mál, sem til hennar er vísað, nema það, að mati nefndarinnar, falli bersýnilega utan sviðs hennar, eða sé byggt á röngum forsendum.

9. gr.

Yfirvöld skulu veita nefndinni alla þá aðstoð, sem hún kann að þurfa til að geta gegnt hlutverki sínu. Forstöðumönnum stofnana innan heilbrigðiskerfisins, eða deilda í slíkum stofnunum, er skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar, sem hún telur nauðsynlegar til rannsóknar máls, nema slíkt brjóti beint gegn lagafyrirmælum.

Sama skylda hvílir á einstaklingum starfandi í ofangreindum stofnunum, sem leitað er til um upplýsingar í máli, sem er til meðferðar hjá nefndinni.

Nefndin skal eiga rétt til upplýsinga um verknað eða atvik, sem á að halda leyndum, ef það telst nauðsynlegt fyrir málareksturinn, en þó því aðeins að sá, sem þagnarskyldan er sett til verndar, samþykki.

10. gr.

Nefndarmenn og varamenn þeirra, og allir aðrir sem hafa starfað fyrir eða með nefndinni sem sérfræðingar, eða í hvaða hlutverki sem er, skulu vera bundnir þagnarskyldu um leyndarmál, hvort sem um er að ræða einkamál eða fjölskyldumál, sem þeir hafa komist á snoðir um í sambandi við störf sín við mál hjá nefndinni.

11. gr.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar, þar með talin þóknun nefndarmanna, ritara, svo og til sérfræðinga sem leitað er til, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði hennar ná ekki til mála, sem komið hafa fram fyrir gildistöku.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

6. mars 1985

AUGLÝSING

Nr. 151

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Skipagötu frá Sundstræti að Brunngötu. Tvístefnuakstur skal hins vegar vera á Skipagötu frá Aðalstræti á Brunngötu.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 6. mars 1985.

Pétur Kr. Hafstein.

21. mars 1985

AUGLÝSING

Nr. 152

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Á mótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu verður biðskylda samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Á Geislagötu, við austurbrún, norðan Gránufélagsgötu, eru heimiluð stæði fyrir tvær leigubifreiðir á tímabilinu frá kl. 00.00 til 04.00.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 21. mars 1985.

Elías I. Elíasson.